



**ORKUSTOFNUN**

**Jarðhitakort af Íslandi. Jarðhiti á kortum  
1613-III-NV, SA og SV**

**Helgi Torfason**

**Greinargerð HeTo-93-01**

22. febrúar 1993

## JARÐHITAKORT AF ÍSLANDI

### Jarðhiti á kortum 1613-III-NV, SA & SV

#### 1. INNGANGUR

Við gerð jarðfræðikorts af Höfuðborgarsvæði í kvarða 1:25.000 eru færðar inn hverir, laugar og volgrur. Undanfarin ár hefur undirritaður unnið að gerð jarðhitakorts af Íslandi í kvarða 1:500.000 og því farið yfir gögn um jarðhita; því verki er ekki lokið. Þessi greinargerð fjallar um jarðhita á kortblöðum 1613-III-NV og SV, en á korti SA er ekki vitað um neinn jarðhita. Skipting í laugar og hverir er:

hver	>70°C	
laug	25-70°C	
volgra	10-25°C	
(velgja	5-10°C	lítið notað)
lind	<5°C	fer eftir meðalhitastigi þar sem athugað er
(ölkeldur	>2°C	mjög misheitar eftir aðstæðum *

\*Hér er miðað við að magn CO<sub>2</sub> sé amk 300 ppm (skv. Stefáni Arnórssyni 1982).

Jarðhiti er á tæplega 10 svæðum á kortunum og er fjallað um þau svæði hér á eftir. Ekki er hér um fullnaðarúttekt að ræða, heldur er hér vakin athygli á stöðum þar sem jarðhiti er eða var á yfirborði. Undirkaflar fjalla um svæðin og einstaka staði í stuttu máli, en samantekt yfir staðina er í töflu 1; þar eru reyndar nefndir nokkrir fleiri staðir. Númer eru skv. kerfi höfundar og stendur G- fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu ásamt lögssagnarumdæmum innan þessara sýslumarka.

#### 2. G-1: Laugardalur, Þvottalaugarnar

Þvottalaugarnar í Laugardal voru stutt norðan við Laugardalshöll, og rétt vestan við Grasgarðinn í Laugardal. Þar sjást enn hleðslur gömlu þvottalauganna, en þær eru nú þurrar og fremur dapurlegar á að líta. Laugarnar voru um langan tíma notaðar til þvotta, en það lagðist niður með tilkomu Hitaveitu Reykjavíkur. Afrennsli var til sjávar um "Laugalæk", en hann er nú horfinn.

Einna elstu heimildir um laugarnar eru frá því um 1672 er Þorkell Arngrímsson Vídalín (1672) minnst á þær. Elstu hitamælingar úr laugunum í Laugardal eru frá árinu 1772 er Uno von Troil (1777) mældi þar 89.4°C. Benedikt Gröndal (1926) mældi 88°C hita í laugunum og rennsli 11 l/s. Engin kort eru til yfir laugasvæðið svo vitað sé, en samkvæmt lýsingum mun vatn hafa komið upp á nokkrum stöðum (Benedikt Gröndal 1926; Þorkell Þorkelsson 1928):

G-1	88°C	aðallhver
G-1b	75°C	suð-austur af aðallhver
G-1c	60°C	lengra suð-austur af aðallhver

Þorsteinn Thorsteinsson (viðt. 29.01, 1993) segir að við virkjun jarðhitans þarna hafi smáminkað í laugunum á árunum 1960-65, einkum eftir 1959, er djúpdælur voru settar í holurnar. Laugarnar hurfu alveg í kringum 1966. Eldri mælingar af hita í laugunum er að finna í töflu 1. Vafalítið færi vatn að streyma inn í laugarnar á ný, ef dælingu væri hætt.

### 3. G-2: Rauðará

Laug þessi mun hafa verið nálægt býlinu Rauðará, sem Rauðarárstígur heitir eftir. Laugin var ekki farri sjó og er hún merkt inn eftir lýsingum, sem þó eru fremur óljósar. Hiti í lauginni mun hafa verið um 30°C en um rennsli er ekki vitað (Þorkell Þorkelsson 1928). Barth (1950) segir "At Rauðará, at the eastern outskirts of Reykjavík, is a tepid spring; temperature, 30°C"; Barth fór um landið 1934 og 1937. Þessi laug er nú löngu horfin undir hús og götur, ef til vill einnig vegna vatnsvinnslu í Laugardal.

### 4. G-3: Örfirisey

Um þennan jarðhita er lítið vitað annað en Þórbergur Þórðarson (1936) minntist á hann í riti og örnefnið Reykjanes vitnar um hita þarna. Jón Benjamínsson (1988) nefnir fleiri sagnir um þennan jarðhita, en þá er hann sagður í "norður - norðvestur frá norðvesturhorni Örfiriseyjar" í skerjum sem ganga mátti í á stórstraumsfjöru. Hitinn gæti því verið vestar en sýnt er á kortinu hér í þessari greinargerð. Einkum ætti hitinn að hafa verið greinilegur í kyrru veðri og frosti, en þrátt fyrir leit hefur hans ekki orðið vart lengi. Fremur er nú ólíklegt að niðurdráttur í jarðhitasvæðinu í Laugardal sé valdur að því. Ekki er rétt að merkja þennan hita á kort því staðsetning er óviss.

### 5. G-4: Öskjuhlíð

Í vesturhlíðum Öskjuhlíðar segir Þorkell Þorkelsson (1928) að sé volgra, mæld 11.5°C og 10.5°C, "20 m suðvestur af rétt". Þorkell mældi hita þarna í apríl og í nóvember 1927, löngu fyrir daga Hitaveitu Reykjavíkur og hitaveitugeymana. Ekki er vitað hvar þessi rétt hefur verið og ekki hefur þessi volgra fundist, en svipast hefur verið um eftir henni.

Fyrir rúmu ári var undirritaður að viðra vel uppallinn heimilishund í Nauthólsvík og varð þá var við að vatn seitleði úr klettum austan við víkina. Úti var frost og fallett veður, og mældist hiti í sitrum þess-

um allt að 10°C og fór lækkandi til austurs. Rétt ofan við hól, norður af vestustu sitrunum var hálfnaðið fólk að sulla í afrennsli hitaveitugeymanna, en ólíklegt virtist að siturnar kæmu þaðan. Ekki vildu starfsmenn Hitaveitu Reykjavíkur gefa undir fótinn með að leki væri úr geymum hitaveitunnar. Í ráði er að fara frostharðan dag og ná sýni af þessu vatni og athuga það nánar. Fram til þess má þetta heita "óstaðfestur jarðhiti".

### 6. Breiðholt, Þrætuengi

Jarðhiti í Breiðholti er um margt merkilegur, en þar mun Þorkell Þorkelsson, veðurstofustjóri, hafa byrjað jarðhitarannsóknir sínar í kringum aldamótin síðustu; Þorkell er fyrstur Íslendinga til að rannsaka jarðhita á vísindalegan hátt, og jafnvel þótt víðar væri leitað. Þrætuengi var nefnd lægðin (mýrasundið) milli Breiðholtsins og norðurenda Kópavogsháls; Jón Jónsson segir þar hafa verið volga mýrapolla á víð og dreif 1954 er hann var að kortleggja þetta svæði (Jón Jónsson, munnl. uppl. 1993). Hér er jarðhita þarna skipt í þrennt, G-5, G-6 og G-7, en upplýsingar eru ekki nægar til að skipta þessu svæði nákvæmar.

### 7. G-5: Breiðholt

Breiðholtslaug var rétt norðan við gamla Breiðholtsbæinn og árið 1927 var 31°C hiti mældur þar, en ekki getið um rennsli (Þorkell Þorkelsson 1928). Barth (1950) skoðaði ekki Breiðholtslaugar sjálfur en hafði upplýsingar eftir Þorkeli Þorkelsyni (1928), hann rekur hitastig 7-23°C í nokkrum og í öðrum hitastig "in 10 different springs the temperature ranged between 25°C and 36°C". Árið 1931 mældi Schwabe (1932) þarna 32°C og í skýrslu Guðmundar Pálmasonar o.fl (1985) er getið um 36-40°C, en ekki útlistað hvar sá hiti var mældur (sagður á 1200 m línu), en vitnað í Þorkel Þorkelsson (1928) og athuganir Jóns Jónssonar. Þessi laug og uppkomur þar í kring eru horfnar vegna niðurdráttar í borholum við Elliðaár. Fleiri laugar og volgrur voru þarna í kring, en sérstaklega eru tilteknar

hér G-6 og G-7, sem standa fyrir laugasvæði í mýri sem nú er þurr og orðin að vegum og húsgrunnum. Frá syðstu til nyrstu laugar voru um 1200 m, þær lágu sem næst á beinni línu með norðlægri stefnu.

### 8. G-6: Breiðholt

Laug var í mýri um það bil 1200 m norðan við Breiðholtsbæ, 36°C heit, en rennsli ekki mælt (Þorkell Þorkelsson 1928). Þessi laug og uppkomur þar í kring eru horfnar vegna niðurdráttar í borholum við Elliðaár.

### 9. G-7: Breiðholt

Þessi volgra mun hafa verið um það bil 150 m sunnan við G-6 og kennd við Þrætuengi. Þarna mun hafa verið 18°C hiti í mýri en ekki er getið um rennsli (Þorkell Þorkelsson 1928). Þessi laug og uppkomur þar í kring eru horfnar vegna niðurdráttar í borholum við Elliðaár.

### 10. G-8-19: Grafarlaug og nágrenni

Grafarlækur rennur til sjávar fyrir botni Grafarvogs. Í og við lækinn eru margar volgrur og velgjur með hita upp í 25°C, en heildarrennsli var metið 33-40 l/s af Jens Tómassyni (1988). Volgrurnar voru kortlagðar 25. ágúst 1986 og 23. mars 1987 af Guðmundi Inga Haraldssyni og Jens Tómassyni (Jens Tómasson 1988) og eru gögn í töflu 1 unnin úr þeirri skýrslu og eldri athugunum. Þorkell Þorkelsson (1928) getur þess að við Gröf séu volgrur allt að 25°C heitar. Jens Tómasson (1988) getur þess að í safni OS sé efnagreining frá 1954 úr 18°C volgru og auk þess hafi hann tekið sýni úr 25°C heitri laug árið 1969. Bragi Árnason (1976) getur sama hitastigs, 25°C, en félagarnir Guðmundur og Jens fundu heitast 14.2°C (Jens Tómasson 1988). Nokkrar af volgrunum eru á mörkum þess að teljast jarðhiti, og þótt yfirleitt sé miðað við að merkja ekki volgru á jarðhitakort nema hiti sé yfir 10°C, eru hér nefndar velgjur niður fyrir þau mörk. Hitastig í Bullaugum (G-19) er 4.9°C sem er líklega í hærra lagi á al-

mennum grunnvatnshita fyrir þetta svæði, en munar varla meira en 0.5-1°C. Rennsli er yfirleitt lítið nema við Laxalón þar sem um 11 l/s af 11,7°C heitu vatni eru notaðir í fiskeldi, önnur nýting á jarðhita er engin. Bullaugu eru vatnsból fyrir Reykjavík og er rennsli þar mikið, 50-100 l/s.

### 11. G-20: Hlið, Álftanesi

Í skeri sem kemur upp á stórstraumsfjöru í Helguvík, norðan við Hlið á Álftanesi er laug. Nú kemur laugin varla upp að heitir getur og er það vegna landsigs. Nýjustu athuganir voru gerðar 19. janúar 1984 af Jóni Benjamínssyni og Guðmundi Inga Haraldssyni og er þar getið 67°C hita í skerinu og vætlar úr og er laugin kölluð "Hliðslaug" (Jón Benjamínsson 1988). Eldri athuganir eru frá árinu 1949 (11.nóv.), er Jarðboranir gátu um hita í skýrslu, en þar er hitastig sagt 24°C og rennsli sagt 1-2 l/s; þarna er laugin kölluð "Álftaneslaug"; Jón Jónsson segir þetta geta verið hita á vatni sem dælt var úr borholu við Hlið á árunum 1960-65 (munnl. uppl. 1993).

Jón Jónsson (munnl. uppl. 1993) segir frá því að Einar Leós, sem var verkstjóri hjá Hitaveitu Reykjavíkur, hafi farið að lauginni/hvernum og mælt þar 80°C hita á árunum í kringum 1946/47. Einar treysti sér ekki til að áætla rennslið því sjór skvettist öðru hvoru inn í hverinn. Þetta var um það leyti sem borað var við Hlið (þá e.t.v. 1943). Gasbólur munu sjást á vikinni við góð skilyrði. Borhola HT-01 var boruð við Hlið 1943 og er hitastigull í henni 228°C/km, en hiti á botni nálægt 80°C (skýrsla Einars Leó 1950).

Jón Benjamínsson (1988) getur þess að þeir Trausti Einarsson og Helgi Sigurðsson hafi mælt þarna 80-85°C hita, en það var eftir munnmælum haft (í Tímanum 24. febrúar 1947). Ekki er ólíklegt að rennsli sé um eða meira en 1 l/s af 67°C heitu eða heitara vatni, allt að 85°C. Engin nýting er á þessu vatni, enda skerið um 200 m undan landi; þó getur Jón Benjamínsson (1988) þess að á árum áður munu sjómenn hafa soðið sér rauðmaga í Hliðslaug.

## 12. G-22: Korpúlfsstaðir

Höfundur hefur fundið nokkuð greinargóðar upplýsingar um þessa laug. Hún var vestantil í túninu (suð-vestan við Korpúlfsstaði), 28°C heit og var steiptur brunnur þar í kring, en vatnið úr lauginni var áður fyrr notað til brynningar í fjósinu á Korpúlfsstöðum (Einar Leó 1950). Í skýrslu Guðmundar Pálmasonar o.fl (1985) er ekki getið um jarðhita þarna.

Hitaveitan mun hafa borað holu (KU-001) þarna árið 1949-50, 100-150 m vestan við bæinn (byrjað í sept 1949 og lokið í júlí 1950, þá 271.7 m djúp). Úr holunni rennur ennþá um 25°C heitt vatn (Þorsteinn Thorsteinsson, munnl. uppl. 1993), og hefur runnið síðan holan var boruð; holan var boruð í eða við lagina sem líklega er horfin nú.

Á jarðfræðikorti eftir Tómas Tryggvason og Jón Jónsson (1958) er notað sama tákn yfir borholur og jarðhita svo ekki er unnt að greina merkingu þess tákns sem er rétt sunnan við Korpúlfsstaði, það getur átt við bæði laug og holu.

## 13. G-23: Álfsnes

Volgra er í landi Álfsness, um 50 m suður af bæ og stutt frá sjó. Í skýrslu Guðmundar Pálmasonar o.fl (1985) er getið um 24°C heita volgru þarna, og rennsli á að giska 1-2 l/s, en engir heimildarmenn eru nefndir. Borhola (AN-01) var sett niður þarna skammt frá, en mun vera stífluð og eitthvað mun laugin nú vandfundin. Engin nýting er því á vatninu þarna.

## 14. G-50: Blikastaðir

Þessi laug er á korti 1613-III-NA en höfð hér með til gamans. Í skýrslu Guðmundar Pálmasonar o.fl (1985) er getið um 18-22°C heita volgru við Blikastaði og vitnað í Jón Jónsson og Ingvar B. Friðleifsson, en þeir kannast ekkert við að þar sé volgra samkvæmt ábendingum þeirra. Fyrrum bóndi á Blikastöðum, Sigsteinn Pálsson (munnl. uppl. 2.feb. 1993), kannaðist hins vegar við volgru, 15-20°C, sem var 200-300

m sunnan bæjar, vestan vegar.

Boruð var 34 m djúp hola nálægt volgrunni árið 1945 (höggbor I), en hún hvarf ekki við það. Holan mistókst hins vegar (meitillinn datt ofaní hana), en nýttist þó eitthvað fyrir neysluvatn. Vatn þaðan var notað í húsið á Blikastöðum, en eftir að hitaveita og vatnsveita var lögð í sveitina var vatn úr holunni (og/eða volgrunni) veitt í skurð og síðan grjóti rutt yfir. Úr volgrunni rennur semsagt ennþá, en hún sjálf er hulin jarðvegi. Þorsteinn Thorsteinsson (viðt. 29.01, 1993) segir að holan hafi verið boruð með höggbor og sé líklega horfin nú.

## 15. G-61: Esjuberg

Um 250 m suðaustur af bænum á Esjubergi er 26°C heit laug, en rennsli illmælanlegt því laugin er í mýri. Í skýrslu Guðmundar Pálmasonar o.fl (1985) er getið um þessa laug og að upplýsingar séu fengnar frá Ingvari B. Friðleifssyni. Raunar er þarna dálítið svæði sem er heitt og hefur það verið hitamælt. Engin nýting er þarna.

## 16. HEIMILDIR

Benedikt Gröndal 1926: Notkun þvotta-lauganna í Reykjavík. Tímar. Verkfr.fél.Ísl. 11, 44-47.

Barth, T.F.W. 1950: Volcanic geology and hot springs of Iceland. Carnegie Inst. of Washington, publ. 587, 174 s.

Bragi Árnason 1976: Ground water systems in Iceland traced by deuterium. Vísindafél. Ísl. rit 42, 236 s.

Einar Leó 1950: Borskýrsla, ljósrít í vörslu Þorgils Jónassonar á OS, en handrit í vörslu Hitaveitu Reykjavíkur.

Guðmundur Pálmason, Gunnar V. Johnsen, Helgi Torfason, Kristján Sæmundsson, Karl Ragnars, Guðmundur Ingi Haraldson og Gísli Karel Halldórsson 1985: Mat á jarð-

varma Íslands. Orkustofnun, 085076/JHD-10, 134 s.

Jens Tómasson 1988: Elliðaáarsvæðið, uppruni og eðli jarðhitans. Orkustofnun OS-88027/JHD-03, 67 s.

Jón Benjamínsson 1988: Jarðhiti í sjó og flæðarmáli við Ísland. Náttúrufræðingurinn 58,3, 153-169.

Schwabe, G.H. 1932: Beitrage zur Kenntnis islandischer Thermalbiotope. Sonder-Abdruck aus dem Archiv f.Hydrob., Suppl.-Bd. VI, 161-352.

Stefán Arnórsson 1982: Ölkeldur á Íslandi. Eldur er í norðri. Sögufélagið, Reykjavík, 401-407.

Tómas Tryggvason og Jón Jónsson 1958: Jarðfræðikort af nágrenni Reykjavíkur, 1:40.000. Iðnaðardeild Atvinnudeildar Háskólans og Skrifstofa bæjarverkfræðings, Reykjavík.

Uno von Troil 1777: Bref rörande en resa till Island 1772. Uppsala.

Þórbergur Þórðarson 1936: Lífnaðarhættir í Reykjavík á síðari helmingi nítjándu aldar. Landnám Ingólfs 2, Reykjavík, 144-242.

Porkell A. Vídalín 1672: Thermæ Islandicæ Lögarnesenses. Thomæ Bartholini Acta medica et philosophica Hafniensia I, 282-286.

Porkell Þorkelsson 1928: On thermal activity in Reykjanes, Iceland. Vísindafél. Ísl. greinar V, 31 s.

Helgi Torfason

TAFLA 1: JARÐHITI Á KORTUM 1613-III-SV, SA & NV Í GULLBRINGU- OG KJÓARSÝSLU (útprentun: Febrúar 1993)

Stað-nr	Bær (eyðibýfi)	Nafn, heiti örnefni	Staðarþýsing	hæð m	maxHiti °C	l/s mælt	l/s ágísk	l/s samt.	Athugasemdir (N = nýjing)	Dags.	Heimildir
G-	GULLBRINGUSÝSLA									Ána.Má.Da	
G-1	(Laugarnes)	Pvotlalaugar		10	88	10.55	-	10.55	Rennsli mælt, (Hitav. Rvk.)	192..	Ben.Grönd. 1927
GG-1	(Laugarnes)	Pvotlalaugar			88	11	-	11	Rennsli mælt, (Hitav. Rvk.)	1926..	TVÍFÍ 1926
GG-1	(Laugarnes)	Pvotlalaugar			89.0				n. Þvotlur, 4 laugar, su vestasta heitust og vatnsmest	1881..	THTh
GG-1	(Laugarnes)	Pvotlalaugar			86				*	1896..	C. Ostenfeld
GG-1	(Laugarnes)				89.0				notaðar til þvotta	1881..	Þ.Th 1910a, b
GG-1	(Laugarnes)				88.5				*	1839..	Steensrup
GG-1	(Laugarnes)				83				*	1836..	Lotin
GG-1	(Laugarnes)				65				líklega ekki heitasta laugin	1792..	Sveinn Pálsson
GG-1	(Laugarnes)				89.4				*	1772..	Uno v. Troil
GG-1	(Laugarnes)				?				*	1672..	Þork. A. Víðalin
G-1b	(Laugarnes)	Pvotlalaugar	suð-austar af aðalhver	75	75	0.6	-	0.6	Rennsli mælt, nú horfið (Hitav. Rvk.)	1926..	Ben. Grönd. 1927
G-1c	(Laugarnes)	Pvotlalaugar	enn suð-austar af aðalhver	60	60		-		lítið rennsli, nú horfið (Hitav. Rvk.)	1927..	ÞÞ 1928
G-2	(Rauðará)		Nú undir Rauðarástíg, ekki fjarrí sjó	10	30	?	?	?		..	ÞÞ 1928
G-3		Örftirsey	Rauk úr sprungu á hálföru,	0	?	?	?	?	ókannað, Reykjanes er örnefni í Örftirsey	..	Þórbergur Þórðarson 1936
G-4		Öskjuhlíð	V hlíð, 20 m SV af rétt		11.5	?	?	?	ókannað	1927.11.11	ÞÞ 1928
GG-4		Öskjuhlíð	V hlíð, 20 m SV af rétt		10.7	?	?	?	ókannað	1927.04.15	ÞÞ 1928
G-5	(Breiðholt A)	Breiðholtslaug	rétt norðan við bæ	50	31	?	?	?		1927..	ÞÞ 1928
GG-5	(Breiðholt A)		Næst bæ	50	32	?	?	?		1931..	Schwabe 1932
GG-5	(Breiðholt A)		Næst bæ	50	40	?	?	?	á 1200 m línu	..	OS 85
G-6	(Breiðholt B)		1200 m norðar en A	30	36	?	?	?		..	ÞÞ 1928
G-7	(Breiðholt B)	Þrætuengi	150 m sunnan við B	40	18	?	?	?		..	ÞÞ 1928
G-8	(Gröf)	Grafarlaug	við Grafarlæk, neðan gamla vegar	5	14.2	-	0.1	0.1	(JT=1, 2), 2 augu	1986-7..	JT OS-88027
GG-8	(Gröf)	Grafarholt			25	-	0.2	0	Nokkrir staðir	..	Bragi 76
GG-8	(Gröf)	Grafarholt			25	-	0.2	0	Nokkrir staðir	..	ÞÞ 1928
G-9	(Gröf)	klakhsús	við Grafarlæk, neðan Þjóðveggar, við klakhsús	15	9.4	-	5.5	5.5	(JT=3, 4, 5), um 6 augu 7.6-9.4°C	1986-7..	JT OS-88027
G-10	(Gröf)		V við Grafarlæk, neðan Þjóðveggar	20	9.0	-	2	2	N= fiskeldi, (JT=7), >2 l/s auga, fer í klakhsús	1986-7..	JT OS-88027
G-11	(Gröf)		V við Grafarlæk, neðan Þjóðveggar	22	10.7	-			(JT=6), seilt, 2 augu 6.3 og 10.7°C	1986-7..	JT OS-88027
G-12	Grafarholt		ofan hlíav.stokks, 200 m NA Grafarholts	50	11.5	-	0.1	0.1	(JT=11),	1986-7..	JT OS-88027
G-13	Laxalón		130 m NA Grafarholts	45	11.7	-	11	11	N= fiskeldi, (JT=8, 9, 10), leitt í Laxalón	1986-7..	JT OS-88027
G-14		Silfurmyri	N Grafarlækjar	45	9.6	-	0	0	(JT=29), ekkert rennsli	1986-7..	JT OS-88027

Stað-nr	Bær (eyðibýfi)	Nafn, heiti örnefni	Staðarlýsing	hæð m	ms.Hiti °C	1/s mælt	1/s óþsk.	1/s samf.	Athugasemdir (N = nýting)	Dags. Árta.Má.Da	Heimildir
G-15		Silfurmýri	N Grafarlækjar	45	8.3	-	8	8	(JT=21, 22, 23, 24),	1986-7..	JT OS-88027
G-16		Silfurmýri	í og 100 m N við Grafarlæk	50	8.3	-	10.2	10.2	(JT=14, 20, 25)	1986-7..	JT OS-88027
G-17		Grafarlækur	V og úr bakka Grafarlækjar	45	7.3	-	2	2.0	(JT=26, 27)	1986-7..	JT OS-88027
G-18		Grafarlækur	V mýrar	50	4.6	0.33		0.33	(JT=13)	1986-7..	JT OS-88027
G-19		Bullaugu	gamla klakhlús	50	4.9	-	?	?	(JT=12)	1986-7..	JT OS-88027
G-	<b>KJÓARSÝSLA</b>									..	
G-20	(Hlið)	Hliðslaug	í skeri N Hliðs	0	67	?	?	0	kemur upp á stórstraumsfjöru	1984.01.19	JB 1988
GG-20	(Hlið)	Álfaneslaug	í skeri N Hliðs	0	24	?	1-2	1		1949 09.11	JBR 1951
G-21	Úlfarsá	Úlfarsá	400 m SV af bæ	50	21	?	?	0	í eða N við ána	1986-87..	OS 85
G-22	Korpúlfsstaðir	-	laug 100-150 m vestan bæjar	30	28	-	0.1	0.1	borað við hana 1949-1950, Þorst.Th. kannast við v.	1949.09.00	Einar Leó, borsk.1950
G-50	Blikastaðir		volgra 2-300 m S bæjar, V vegar	30	15-20	-	>0.1	0.1	borhola 1945 boruð við volgru	1945..	Sigsteinn Pálsson 2.feb.1993
G-23	Álfnes		skammt frá sjó, um 50 m S af Álfnesbæ	5	24	?	1-2	1	þarna er borhola	..	OS 85 (TOS-7620)
G-61	Esjuberg		250 m SA af Esjubergsbæ	45	26	?	?	0	dálífið svæði (hitamælt Ármý Sv.)	1976?..	IBF (TOS-7620)
G-16	Kollafjörður		Kollafjörðarlaug	10	56	?	1	1	*	..	RR 1944
GG-16	Kollafjörður		Kollafjörðarlaug	10	56	?	1	1	*	1927.09.20	ÞÞ 1928
GG-16	Kollafjörður		Kollafjörðarlaug	10		?			baðlaug	1400?..	Kjalnesingasaga
G-16b	Kollafjörður		100 m N82°E	10	48	?	1	1	4 laugar	1927.09.20	ÞÞ 1928
G-16c	Kollafjörður		12 NE	10	51	?	1	1	stærsta laugin, önnur 30°C hjá	1927.09.20	ÞÞ 1928
G-59	Stardalur		Laugarhöll	24	?	?	0.6	0.8	*	..	OS 85
G-60	Stardalur		Laugarhöll	24	?	?	0.6	0	*	..	IBF, GIH
G-60	Stardalur		Laugarhöll	24	?	0.6	0.2	0.8	tveir staðir, a=0.6 b=0.2	194?..	RR 1944





1613 III NV

G-3 Örfirisey, 7°C, óvíst rennsli

ÖRFIRISEY

G-2 Rauðará, 30°C, óvíst rennsli

G-1 Þvottalaugar, 88°C, 11 l/s

G-22 Korpulfsstaðir, 28°C, 0.1 l/s

GRAFARVOGUR

G-8 Grafarháls, 9.4°C, 5.5 l/s

G-9 Gröf, klakhs, 9.4°C, 2 l/s

G-10 Gröf, 9.0°C, 2 l/s

G-12 Grafarhólt, 11.5°C, 0.1 l/s

G-11 Gröf, 10.7°C, óvíst rennsli

G-13 Laxalón, 11.7°C, 11 l/s

0 1 km

0 1 m

# STADFRAEDIKORT

# ELLIDAVATN 1613 III SV

G-14 Silfurmyri, 9.6°C, óvíst rennsli

64°07'30"

G-15 Silfurmyri, 8.3°C, 8 l/s

G-16 Silfurmyri, 8.3°C, 10.2 l/s

G-17 Grafarlækur, 7.3°C, 2.0 l/s

G-18 Grafarlækur, 4.6°C, 0.33 l/s

G-19 Bullaugu, 4.9°C,

G-6 Breiðholt, 36°C, óvíst rennsli

G-7 Þrætuengi, 18°C, óvíst rennsli

BREIÐHOLT

G-5 Breiðholtslaug, 31°C, óvíst rennsli

1 km

1:1000



48°

50°

52°

07'

06'



# ÍSLAND 1:25 000

1613 III SV

22°00'00"  
64°07'30"


58'

0 1 km

ÁLFTANES

G-20 Hliðslaug, 67°C, óvíst rennsli

Hægi Tófr  
1993



52'

50'

48'

46'

21°45'



G-61 Esjuberg, 26°C, óvíst rennsli

0 1 km

ÁLF SNES

G-23 Álfsnes, 24°C, 1 l/s

Haug-Tor  
1993